

# **TELEDYNE TECHNOLOGIES INCORPORATED**

## **ALÞJÓÐLEGAR REGLUR UM SIÐFERÐILEGA VIÐSKIPTAHÆTTI**

---

# SIÐFERÐISFULLTRÚAR

Ef spurningar vakna eftir lestur einhverra þeirra málefna, sem rædd eru í þessum reglum, ættir þú að hafa samband við siðavörðinn á starfsstöðinni þinni eða einn af eftirfarandi einstaklingum:

- **George C. Bobb III**

*Framkvæmdastjóri og yfirregluvörður*

Teledyne Technologies Incorporated  
1049 Camino Dos Rios  
Thousand Oaks, CA 91360  
+1 805- 373-4168

- **Melanie S. Cibik**

*Aðalframkvæmdastjóri, yfirlögfræðingur og ritari*

Teledyne Technologies Incorporated  
1049 Camino Dos Rios  
Thousand Oaks, CA 91360  
+1 805- 373-4605

- **Cynthia Y. Belak**

*Framkvæmdastjóri áhættustjórnunar*

Teledyne Technologies Incorporated  
1049 Camino Dos Rios  
Thousand Oaks, CA 91360  
+1 805- 373-4716

- Frekari upplýsingar um siðaverði á þinni starfsstöð má finna á innraneti Teledyne í flípanum „fyrirtækjaupplýsingar“ undir „siðferði og gildi“.

- Siðgæðisvefgáttin: [www.teledyne.ethicspoint.com](http://www.teledyne.ethicspoint.com)

Beina siðgæðislínan: +1 877- 666-6968

*Finna má alþjóðlegar upplýsingar um símtölin á [www.teledyne.ethicspoint.com](http://www.teledyne.ethicspoint.com).*

# FRÁ SKRIFSTOFU 'FORSTJÓRA

Ég vil nýta þetta tækifæri til þess að deila skoðunum mínum á stöðlunum fyrir viðskiptasiðferði sem mynda grunninn að starfsemi Teledyne.

Teledyne Technologies Incorporated hefur sett sér staðal fyrir siðferðileg viðskipti og hefur einsett sér að viðhalda þeim staðli. Við munum ávallt haga viðskiptum okkar á siðferðilegan og heiðvirðan hátt og í fullu samræmi við viðeigandi lög, reglur og stefnur fyrirtækisins. Notkun staðalsins í daglegum viðskiptum okkar er nauðsynleg til þess að viðhalda góðu orðspori fyrirtækisins á markaðnum og virði þess fyrir hluthafa sína. Við öll höfum ábyrgð að gegna við að halda staðlinum uppi og taka forystu í þeim efnum.

Þetta rit, Alþjóðlegar reglur um siðferðilega viðskiptahætti Teledyne Technologies Incorporated, gildir fyrir alla framkvæmdastjóra, yfirmenn og starfsmenn hvar sem þeir eru staðsettir. Það hefur að geyma mikilvægustu meginreglurnar sem þú ættir að hafa að leiðarljósi í daglegum störfum þínum fyrir Teledyne Technologies Incorporated. Þú berð ábyrgð á því að kynna þér reglurnar og ráðfæra þig við þær þegar þörf krefur.

Þú berð einnig ábyrgð á því að grípa til aðgerða. Ef þú kemst að raun um vandamál, ef þú ert ekki viss um hvað rétt sé að gera í viðkomandi aðstæðum, eða ef þú heldur að aðrir innan fyrirtækisins fylgi ekki þessum leiðbeiningum, er það í þínum verkahring að láta okkur vita. Ef þú hefur einhverjar spurningar eða tillögur, eftir lestur þessara reglna, vona ég að þú munir ræða þær við yfirmann þinn eða einhvern af þeim sem tilgreindur er sem siðferðisfulltrúi á blaðsíðu 2.

Við viljum aðstoða þig við að taka réttu ákvörðunina. Þér er alltaf velkomið að hringja frítt í yfirregluvörð fyrirtækisins eða í beinu siðgæðislínuna ef á þér brenna spurningar eða áhyggjur varðandi siðferðilega ástundun viðskipta. Gjaldfrjálsa númerið fyrir beinu siðgæðislínuna er +1 **877- 666-6968**, og má finna leiðbeiningar um alþjóðleg símtöl á [www.teledyne.ethicspoint.com](http://www.teledyne.ethicspoint.com). Þú getur einnig sent inn áhyggjur þínar varðandi gott siðferði, eða fyrirspurnir í gegnum Netið á [www.teledyne.ethicspoint.com](http://www.teledyne.ethicspoint.com).

Það er erfitt að vinna sér inn gott orðspor, það er auðvelt að missa það og nánast ómögulegt að vinna sér það inn aftur. Við megum aldrei tapa sjónar á því. Í sameiningu höfum við það sem til þarf til þess að keppa í fremstu víglínu á markaðinum okkar. Ég treysti á heilindi þín og hollustu til þess að hjálpa til við að halda okkur þar. Þakka þér fyrir að gera þitt til þess að viðhalda góðu siðferði í vinnuumhverfinu.

Robert Mehrabian  
*Forstjóri*

Janúar 2013

## „AÐ HÆTTI TELEDYNE “

Eftirfarandi grunngildi eru undirstaða þess hvernig við stundum viðskipti. Við álitum þessi gildi vera undirstöðuna að því hvernig við stundum viðskipti að „hætti Teledyne.“

### ■ HEIÐARLEIKI

Við munum haga viðskiptum okkar í samræmi við gildandi lög og reglur og í samræmi við hæsta mælikvarða fyrir siðferði og heiðarleika. Við gerum ráð fyrir því sama hjá samstarfsaðilum okkar og þeim sem koma fram fyrir hönd Teledyne vörumerkisins.

### ■ VIRÐING

Við komum fram við samstarfsfólk okkar af tillitssemi og virðingu og höldum vinnuumhverfinu öruggu og réttlátu.

### ■ ÁBYRGÐ

Við leitumst við að auka og vernda gildi Teledyne Technologies með því að starfa í þágu fyrirtækisins og hluthafa þess, án þess að hvika frá grunngildum okkar.

### ■ RÍKISFANG

Okkur er annt um samfélagið þar sem við störfum og þá sem kaupa og nota vörurnar okkar.

# EFNISYFIRLIT

SIÐFERÐISFULLTRÚJAR .....

FRÁ SKRIFSTOFU FORSTJÓRA .....

„AÐ HÆTTI TELEDYNE“ .....

NOTKUN ÞESSARA REGLNA.....

HEIÐARLEIKI.....

Baráttan gegn spillingu.....

Lög um auðhringavarnir og ósanngjarna samkeppni.....

Samningar við stjórnvöld .....

Réttar tæknilegar upplýsingar .....

Regluhlýðni í alþjóðaviðskiptum.....

Markaðssetning vöru.....

VIRÐING .....

Starfshættir.....

Heilbrigðis- og öryggismál.....

Áreitni, ógnanir og ofbeldisfull hegðun.....

Eiturlyf og áfengi.....

ÁBYRGÐ.....

Reikningsskil: Bókhald, endurskoðun, innra eftirlit og upplýsingagjöf .....

Réttar viðskiptaskýrslur .....

Samstarf við rannsóknarmenn .....

Verndun eigna, skýrslna og upplýsinga .....

Notkun á tölvu- og rafeindakerfum fyrirtækisins.....

Innherjaviðskipti.....

Hagsmunaárekstrar.....

Samfélagsmiðlar.....

Svör við fyrirspurnum .....

Stjórn mála- og góðgerðastarf.....

Samþykki og heimildir .....

RÍKISFANG .....

Umhverfisábyrgð .....

Vörugæði og -öryggi.....

Hegðun birgja .....

Hugverkavernd .....

VOTTANIR .....

# NOTKUN ÞESSARA REGLNA

## ■ Hver er tilgangur þessara reglna?

Þessar alþjóðlegu reglur um siðferðilega viðskiptahætti eru gerðar til þess að leiðbeina þér í daglegum störfum þínum fyrir hönd Teledyne Technologies Incorporated, sem einnig er nefnt „fyrirtækið“ í þessum reglum. Þær veita yfirlit yfir þær siðareglur sem gilda um alla framkvæmdastjóra, yfirmenn og starfsmenn Teledyne Technologies Incorporated, þar á meðal viðskiptaeyningar, dótturfélög og hlutdeildarfélag hvar sem þau eru staðsett. Til hægðarauka er vísað til allra starfsmanna Teledyne sem „starfsmanna Teledyne“ í þessum reglum.

## ■ Hvernig tengjast þessar reglur öðru leiðbeiningarefni fyrirtækisins?

Þessar reglur veita yfirlit yfir ýmis efnissvið. Fyrir aðrar og frekari upplýsingar ætti að ráðgast við gildandi stefnur fyrirtækisins eða ferla, en vísað er til margra þeirra í þessum reglum auk þess sem finna má þær á innraneti fyrirtækisins. Ef þú átt í erfiðleikum með að finna stefnu eða ferla, eða á þér brenna spurningar varðandi þá löggjöf, sem gildir um tiltekin viðskipti, ættir þú að hafa samband við yfirmann þinn, viðeigandi siðavörð á þinni Teledyne starfsstöð; yfirregluvörð Teledyne, George Bobb í +1 805- 373-4168; eða yfirlögfræðing Teledyne, Melanie Cibik í +1 805- 373-4605. Þú getur einnig sent spurningar til yfirregluvarðarins á [askthecco@teledyne.com](mailto:askthecco@teledyne.com).

## ■ Hver er mín ábyrgð?

Öllum starfsmönnum Teledyne ber skylda til þess að lesa, skilja og fylgja þessum reglum. Enginn starfsmaður Teledyne má biðja annan einstakling um að taka þátt í starfsemi sem brýtur í bága við þessar reglur.

Ef farið er fram á það, skulu allir starfsmenn Teledyne votta að þeir þekki þessar reglur og að þeim sé ekki kunnugt um nein brot gegn þeim. Hvað varðar brot gegn reglunum, sem ekki hefur verið tilkynnt um, ber starfsmönnum skylda til þess að tilkynna um slík brot við vottunina.

## ■ Hvaða ábyrgð bera stjórnendur, framkvæmdastjórar og yfirmenn samkvæmt þessum reglum?

Til viðbótar við að fylgja öllum kröfunum, sem finna má í þessum reglum, bera stjórnendur, framkvæmdastjórar og yfirmenn Teledyne sérstaka ábyrgð á því að tryggja að meginreglunum, sem birtast hér, sé fylgt og að fyrirtækið starfi af mestu mögulegu heilindum og siðferði.

Stjórnendur, framkvæmdastjórar og yfirmenn skulu:

- Aldrei fórna þeim meginreglum, sem finna má í þessum reglum, í þágu viðskipta
- Vera fyrirmyndir og endurspeglar reglurnar í samskiptum þeirra við starfsmenn og þriðju aðila
- Tryggja að reglunum og mikilvægi siðferðisstaðla í viðskiptum sé komið á framfæri við starfsmenn
- Tryggja að starfsmenn skilji og fylgi þessum reglum
- Hvetja starfsmenn til þess að starfa á siðferðislegan hátt, spyrja spurninga og tilkynna um hugsanleg brot gegn þessum reglum
- Aldrei hefna sín á starfsmanni sem í góðri trú tilkynnir um grunað brot gegn reglunum, stefnu fyrirtækisins eða löggjöf

- Tilkynna strax um allar grunsemdir um brot gegn lögum, stefnu fyrirtækisins eða þessum reglum til yfirregluvarðar eða yfirlögfræðings Teledyne.

Stjórnendur, framkvæmdastjórar og yfirmenn Teledyne, sem ekki tilkynna um þekkt eða grunuð brot gegn lögum, stefnu fyrirtækisins eða þessum reglum verða beittir viðurlögum til og með brottrekstri.

## ■ Hvernig ætti ég að nálgast hugsanlegt lagalegt eða siðferðilegt málefni?

Þú skalt fyrst leggja mat á aðstæður með því að spyrja sjálfan þig þessara spurninga:

- Er þessi starfsemi lögleg samkvæmt gildandi lögum og reglum?
- Er þessi starfsemi heimil samkvæmt stefnu fyrirtækisins og þessum reglum?
- Er þessi starfsemi í samræmi við ákvæði allra þeirra samninga sem við eiga?
- Fyndist mér það í lagi ef aðrir, til dæmis yfirmaður minn eða fjölskyldumeðlimir fengju vitneskju um þessa háttsemi?
- Er þessi háttsemi í samræmi við loforð fyrirtækisins okkar um að starfa ávallt á siðferðilegan og heiðarlegan hátt.

Ef svar þitt er „nei“ við einhverjum af þessum spurningum að ofan, ættir þú ekki að halda háttseminni áfram.

Þessar reglur fjalla ekki um allar þær aðstæður sem þú kannt að lenda í. Gert er ráð fyrir því að þú beitir almennri skynsemi og hagir þér í samræmi við lög, stefnu fyrirtækisins og þær almennu meginreglur sem birtast í þessum reglum.

Ef þú veist ekki hvaða háttsemi telst viðurkennd í tilteknu tilviki, berð þú ábyrgð á því að ráðfæra þig við viðeigandi stefnu fyrirtækisins eða leita leiðbeininga hjá yfirmanni þínum eða einhverjum af siðferðisfulltrúunum á blaðsíðu 2.

## ■ Hvernig er skipulagi Teledyne á sviði siðferðismála háttað?

Teledyne er með yfirregluvörð, sem heyrir beint undir forstjóra í málum sem tengjast siðferði og reglufylgni. Auk þess er hvert Teledyne fyrirtæki með sérstakan siðavörð sem getur veitt leiðbeiningar í siðferðislegum málum. Lista yfir siðaverði má finna á innraneti Teledyne. Hann er staðsettur í flípanum „fyrirtækjaupplýsingar“ undir „siðferði og gildi.“

## ■ Ber mér skylda til þess að tilkynna um grunsemdir um brot gegn þessum reglum?

Já. Ef þú heldur að aðrir í fyrirtækinu fylgi ekki þessum leiðbeiningum, ber þér skylda til þess að tilkynna strax um það.

## ■ Hvernig tilkynni ég um brot gegn lögum, stefnu fyrirtækisins eða þessum reglum?

Senda ætti tilkynningar til yfirmanns viðkomandi starfsmanns, æðstu stjórnenda rekstrareiningarinnar þar sem starfsmaðurinn starfar eða siðavarðar viðkomandi starfsstöðvar. Skjótar tilkynningar geta gert fyrirtækinu kleift að koma í veg fyrir eða draga úr skaða tengdum brotum. Því til viðbótar áskilja lög að tilkynnt sé um ákveðnar tegundir brota; það kann að ganga gegn lögum að skýra ekki frá þekkingu á slíkum brotum. Fölsun tilkynninga, að yfirlögðu ráði, er óafsakanleg; háð viðurlögum til og með brottrekstri; og kann einnig að ganga gegn lögum.

## ■ Hvað ef mér finnst það óþægilegt að tilkynna um brot til staðbundinna stjórnenda í Teledyne fyrirtækinu mínu?

Við erum með strangar kröfur sem banna hefndir gegn starfsmönnum sem tilkynna í góðri trú um siðferðilegt mál. Hins vegar, ef starfsmanni finnst óþægilegt að ræða áhyggjur sínar við staðbundna stjórnendur, getur starfsmaðurinn:

- Haft samband í trúnaði við einn af siðferðisfulltrúunum sem taldir eru upp á blaðsíðu 2
- Sent inn tilkynningu á Netinu á [www.teledyne.ethicspoint.com](http://www.teledyne.ethicspoint.com)
- Hringt í beinu siðgæðislínuna í +1 **877-666-6968**.

## ■ **Get ég komið með nafnlausu tilkynningu?**

Já. Teledyne áttar sig á því að þú getir verið í kringumstæðum þar sem þér þyki óþægilegt að tilkynna um mál. Þess vegna hóf Teledyne samstarf við EthicsPoint. Teledyne vill frekar að þú sendir inn nafnlausu tilkynningu en að þú haldir upplýsingunum fyrir sjálfan þig.

EthicsPoint er tilkynningartól fyrir starfsmenn, þar sem þeir geta tilkynnt um hugsanleg brot gegn Alþjóðlegu reglum Teledyne um siðferðilega viðskiptahætti, stefnu fyrirtækisins eða lögum í trúnaði. Það er á vegum þriðja aðila og er í boði 24 klukkustundir á dag, 365 daga ársins. Starfsmenn geta sent inn tilkynningar í gegnum EthicsPoint í gegnum síma eða Netið.

Til þess að tilkynna um mál símleiðis, hringdu þá í +1 **877-666-6968**. Til þess að senda inn tilkynningu á Netinu og fyrir leiðbeiningar um alþjóðleg símtöl, farðu þá á [www.teledyne.ethicspoint.com](http://www.teledyne.ethicspoint.com).

Tilkynningar í gegnum síma berast fulltrúum EthicsPoint sem skrá niður upplýsingarnar á öruggan miðlara. Fulltrúar EthicsPoint geta tekið á móti tilkynningum á ensku, kínversku, frönsku, hollensku, spænsku og öðrum tungumálum.

Nettilkynningar eru slegnar beint inn af starfsmönnum á örugga miðlara EthicsPoint.

EthicsPoint veitir einungis starfsmönnum fyrirtækisins aðgang að þessum tilkynningum sem hafa þann starfa að leggja mat á og grípa til aðgerða á grundvelli slíkra tilkynninga.

## ■ **Er hægt að halda tilkynningunni minni sem trúnaðarmáli?**

Já. Ef starfsmaður gefur upp persónuupplýsingar sínar þegar hann sendir inn tilkynningu, mun fyrirtækið leitast við, að því marki sem lög leyfa og er í samræmi við sanngjarna og samræmda beitingu þessa reglna, að halda trúnaði yfir persónuupplýsingum þeirra sem tilkynna í góðri trú um grunsemdir um brot. Fyrirtækið mun einungis deila upplýsingum, sem berast, með þeim sem þurfa á þeim að halda. Til dæmis, í ákveðnum tilvikum, er fyrirtækinu skylt að miðla upplýsingunum til stjórnvalda, eða kann að gera það af frjálsum vilja. Að sama skapi mun fyrirtækið leitast við að halda trúnaði yfir upplýsingum um þá einstaklinga sem ásakanir beinast að, nema ákvarðað hafi verið að brot hafi átt sér stað.

## ■ **Hvað gerist eftir að ég tilkynni um brot gegn þessum reglum, stefnu fyrirtækisins eða lögum?**

Ef þörf er á rannsókn, munu til þess bærir starfsmenn fyrirtækisins ákvarða hvernig slík rannsókn fari fram. Það fer eftir eðli rannsóknarinnar hvort þörf sé á lögfræðiaðstoð frá utanaðkomandi aðila eða hana megí veita innahúss. Eftir að rannsókn lýkur, munu til þess bærir starfsmenn fyrirtækisins ákvarða hvaða, ef einhverja, viðbragða er þörf.

## ■ **Ber mér skylda til þess að starfa með rannsóknarmönnum fyrirtækisins?**

Já. Öllum starfsmönnum Teledyne ber skylda til þess að sýna rannsóknarmönnum fyrirtækisins fulla samvinnu. Starfsmenn, sem ekki vinna með, eða hindra slíkar rannsóknir, með aðgerðum eða aðgerðarleysi, verða teknir til rannsóknar sem gæti leitt til ýtrustu



viðurlaga sem leyfð er í stefnu fyrirtækisins eða gildandi lögum.

■ **Geta starfsmenn átt von á refsiaðgerðum fyrir tilkynningar á brotum gegn þessum reglum, stefnu fyrirtækisins eða lögum?**

Nei. Stefna Teledyne bannar refsiaðgerðir gegn hverjum þeim, sem tilkynnir, í góðri trú, um brot gegn þessum reglum, stefnu fyrirtækisins eða lögum eða tekur þátt í rannsókn á slíku máli. Tilkynning „í góðri trú“ þýðir að þú heldir að tilkynningin sé sönn og að þú hafir sagt frá öllu sem þú veist um málið. Ef þú telur að þér sé refsað í hefndarskyni, ættir þú að tilkynna um það tafarlaust.

Allir starfsmenn Teledyne, sem taka þátt í slíkum refsiaðgerðum, verða beittir viðurlögum, til og með brottrekstri.

■ **Hvað gerist ef ég gerist sekur um brot gegn þessum reglum, stefnu fyrirtækisins eða lögum?**

Brot gegn þessum reglum, stefnu fyrirtækisins, eða lögum er alvarlegt mál. Fyrirtækið mun grípa til viðeigandi viðurlaga gegn slíkum brotum, til og með brottrekstri. Við ákvörðun viðurlaga, mun fyrirtækið líta til þess hvort upplýsingar eru veittar af fúsum og frjálsum vilja og getur það þá hugsanlega verið mildandi þáttur.

■ **Hvað ætti ég að gera ef einungis er hægt að ná forskoti í viðskiptum eða grípa viðskiptatækifæri með því að ganga gegn þessum reglum, stefnu fyrirtækisins eða lögum?**

Þú ættir ekki að sækjast eftir því viðskiptaforskoti eða -tækifæri. Starfsmenn Teledyne ættu, í öllum tilvikum, að starfa með þeim hætti að það samrýmist þessum reglum, stefnu fyrirtækisins og lögum. Ef þú ert einhvern tíma í vafa um hvað þú ættir að gera, ættir þú að leita leiðbeininga hjá yfirmanni þínum, tilnefndum siðferðisverði í Teledyne fyrirtækinu þínu eða yfirregluverði.

■ **Gilda þessar reglur um mig ef ég starfa fyrir Teledyne fyrirtæki sem ekki er staðsett í Bandaríkjunum?**

Já. Þessar reglur gilda um alla starfsmenn Teledyne hvar sem þeir eru staðsettir. Starfsmenn staðsettir utan Bandaríkjanna þurfa einnig að þekkja löggjöf þess lands þar sem þeir starfa og fá leiðsögn hjá yfirlögfræðingi Teledyne eða yfirregluverði þegar þörf krefur.

■ **Hvernig er rannsókn á brotum gegn þessum reglum háttáð þar sem stjórnendur eru viðriðnir?**

Tilnefningar- og stjórnháttarnefnd stjórnar félagsins mun fara yfir og rannsaka allar tilkynningar um óheimilaðar athafnir stjórnenda fyrirtækisins. Tilnefningar- og stjórnháttarnefndin ákvarðar hvort slíkar athafnir feli í sér brot gegn þessum reglum og síðan hvort gripið verði til viðeigandi úrbóta eða viðurlaga, sem geta falið í sér brottrekstur. Fyrirtækið mun upplýsa um slík brot, ásamt þeim úrbótum eða viðurlögum, sem gripið var til, eins og áskilið er í gildandi lögum. Ef tilnefningar- og stjórnháttarnefndin ákvarðar að slík háttsemi sé brot gegn þessum reglum, en heldur að úrbætur eða viðurlög séu ekki nauðsynleg eða æskileg (eða ef hún samþykkir að falla frá ákvæðum þessara reglna í viðkomandi tilviki) að þá skal fyrirtækið greina viðeigandi lögbærum stjórnvöldum tafarlaust frá brotinu eða undanþágunni og rökstuðningi nefndarinnar fyrir ákvörðun sinni. Tilnefningar- og stjórnháttarnefndinni er einnig heimilt að gera breytingar á stofnskrá sinni í því skyni að koma á breytingum eftir því sem Teledyne þróast.

■ **Má veita undanþágu frá ákvæðum þessara reglna?**

Þessum reglum er ætlað að vera almennar í sniðum og eins og með allar almennar reglur kunna að vera undanþágur. Undanþágurnar geta stundum leitt af tilteknum undanþágum í lögum, en oftast stafa þær af blöndu af góðri dómgreind og tilliti til allra viðeigandi staðreynda. Í samræmi við það má veita undanþágur frá tilteknum ákvæðum þessara reglna við ákveðnar kringumstæður þegar yfirlögfræðingur eða yfirregluvörður Teledyne hefur veitt samþykki fyrir því. Undanþágubeiðnir, sem tengjast yfirmönnum eða framkvæmdastjórnnum fyrirtækisins, má tilnefningar- og stjórnháttanefnd stjórnar félagsins ein veita.

#### ■ **Eru þessar reglur ráðningarsamningur?**

Nei.

## HEIÐARLEIKI

Við munum haga viðskiptum okkar í samræmi við gildandi lög og reglur og besta mælikvarða um siðferði og heiðarleika.

Allir starfsmenn skulu fylgja þeim lögum og reglum, sem gilda um starfsemi fyrirtækisins, á þeim stað sem viðkomandi starfar. Mörg þessara laga eru flókin og sum hafa áhrif á rekstrareiningar okkar með mismunandi hætti. Vegna þess að við erum alþjóðlegt fyrirtæki, er ekki mögulegt að veita yfirlit í þessum reglum um hvernig einstök lög kunna að gilda um einstök fyrirtæki Teledyne. Af þeim sökum ættu starfsmenn að ráðfæra sig við viðeigandi stefnur Teledyne eða yfirregluvörð eða yfirlögfræðing Teledyne þegar spurningar vakna um gildi laga í tilteknum aðstæðum.

#### ■ **Baráttan gegn spillingu**

„Teledyne hefur ekkert umburðarlyndi gagnvart hvers konar spillingu, svo sem mútum, bakgreiðslum, fjárkúgun eða álíka hegðun, hvort sem hún hefur með embættismenn eða einkaaðila að gera og hvort sem hún á sér stað innan eða utan Bandaríkjanna. Öllum starfsmönnum Teledyne og öðrum, sem starfa fyrir hönd Teledyne, er stranglega bannað að taka þátt í slíkri háttsemi. Enginn starfsmaður eða fulltrúi Teledyne mun verða fyrir neikvæðum afleiðingum fyrir að neita að greiða eða taka á móti mútufé eða taka þátt í annars konar spillingu, jafnvel þó að það kunni að leiða til þess að Teledyne verði af viðskiptum. Engin sem starfar fyrir hönd Teledyne ætti nokkurn tíma að greiða mútur eða fara með öðrum hætti gegn lögum í því skyni að koma á sölu eða öðrum ábata í viðskiptum.“

*Dr. Robert Mehrabian  
forstjóri*

Starfsmenn Teledyne bera ábyrgð á því að skilja og fylgja öllum gildandi lögum, reglum og stefnum Teledyne varðandi baráttuna gegn spillingu. Þessi lög og reglur eru, en takmarkast þó ekki við, bandarísku lögin um erlenda spillingu, bresku mútugreiðslulögin, kanadíska lögin um spillingu erlendra embættismanna og kínversku lögin gegn spillingu.

## › **Gjafir og þjórfe**

Enginn starfsmaður Teledyne má gefa þriðja aðila með beinum, óbeinum eða í gegnum umboðsmann eða fulltrúa, gjafir eða þjórfe í þeim tilgangi að ná í eða viðhalda viðskiptum eða tryggja óeðlilegt viðskiptaforskot. Gjafir eða þjórfe mega aldrei skapa þá ímynd að leitað sé eftir sérstakri eða hyglandi meðferð.

Dæmi um gjafir og þjórfe eru meðal annars: peningar eða ígildi peninga, máltíðir, drykkir, gisting, afþreying, samgöngur, boð um atvinnu, lán eða önnur verðmæti.

Máltíðir og samgöngur, sem veittar eru af starfsmanni Teledyne eða fulltrúa Teledyne, til viðskiptaaðila ættu að vera láttlausar, smekklegar og aldrei úr hófi. Starfsmenn Teledyne mega veita viðskiptaaðilum aðrar gjafir og þjórfe að því gefnu að gjafirnar og þjórfeð sé hóflegt að verðmæti og sé þeirrar gerðar sem hefðbundið er að gefa viðskiptavinum.

*Starfsmönnum Teledyne er óheimilt að veita embættismönnum Bandaríkjanna eða öðrum embættismönnum slík hlunnindi, nema við afar takmarkaðar kringumstæður.*

Þær reglur og reglugerðir, sem gilda um gjafir og þjórfe til starfsmanna stjórnsýslunnar, embættismanna, stjórnmalaflokka, frambjóðenda, alþjóðastofnana og fulltrúa Bandaríkjanna og annarra stjórnvalda, eru mjög flóknar. Gert er ráð fyrir því að starfsmenn Teledyne fylgi þessum lögum og reglugerðum í einu og öllu. Þeir mega aldrei gefa gjöf eða þjórfe ef slíkt er brot gegn lögum eða varpar neikvæðu ljósi á orðspor fyrirtækisins.

Áður en embættismönnum Bandaríkjanna eru boðin einhver verðmæti, skulu starfsmenn Teledyne ráðfæra sig fyrst við leiðbeiningar fyrirtækisins um opinbera verktöku og fá samþykki, þegar þörf er á slíku. Áður en erlendum embættismönnum, stjórnmalaflokkum eða frambjóðendum eða alþjóðastofnunum eru boðin einhver verðmæti, skulu starfsmenn Teledyne fyrst ráðfæra sig við stefnu og ferla fyrirtækisins um baráttuna gegn spillingu og fá samþykki, þegar þörf er á slíku.

Ef þú hefur á einhverjum tímamarki spurningar um hvort að gjöf eða þjórfe, sem þú hyggst gefa, sé heimil samkvæmt stefnu Teledyne, ættir þú að ráðfæra þig við stefnur Teledyne og hafa samband við yfirregluvörð Teledyne fyrir frekari leiðbeiningar. Starfsmenn eru hvattir til þess að koma með tillögur að úrbótum á stefnum Teledyne gegn spillingu til þess að bæta skilvirkni þeirra.

## › **Stjórnun sölufulltrúa, dreifingaraðila og ráðgjafa**

Af og til ræður Teledyne sölufulltrúa, dreifingaraðila og ráðgjafa. Starfsmönnum Teledyne, sem eiga í samskiptum við slíka þjónustuaðila, ber skylda til að tryggja að slíkir aðilar og einstaklingar skilji stefnur Teledyne hvað varðar siðferði og spillingu og að þeir starfi eftir þeim. Starfsmenn Teledyne ættu að vanda valið á sölufulltrúum, dreifingaraðilum, ráðgjöfum og öðrum samstarfsaðilum til þess að tryggja að slíkir aðilar og einstaklingar séu staðráðnir í því að starfa með siðferðilegum hætti. Starfsmönnum Teledyne ber einnig skylda til að fylgja stefnum fyrirtækisins um að viðhalda sölufulltrúum, dreifingaraðilum og ráðgjöfum.

Í stefnum Teledyne má finna viðbótarupplýsingar og lýsingu á löggjöf um baráttuna gegn spillingu. Allir starfsmenn, sem hafa spurningar um gildandi lög gegn spillingu, ættu að ráðfæra sig við þessar stefnur eða leita leiðbeininga hjá yfirregluverði.

*Auk viðurlaga, geta brot gegn lögum gegn spillingu leitt til alvarlegra refsí- og einkamálvíðurlaga fyrir bæði fyrirtækið og einstaklinginn sem tekur þátt í slíkum athöfnum.*

**AÐSTÆÐUR:** Jason er framkvæmdastjóri Teledyne fyrirtækis með alþjóðlega sölustarfsemi. Eftir að hafa fengið nauðsynlegt samþykki fyrirtækisins samkvæmt stefnu Teledyne, gerði fyrirtækið samning við Michael, sölufulltrúa í Frakklandi. Í heimsókn til Frakklands, hittir Jason Michael til þess að ræða væntanleg sölutækifæri við opinberan aðila. Jason spyr Michael hvort hann haldi að fyrirtækið eigi góðan möguleika á því að vinna samkeppnina um að selja vörur á nýtt iðnaðarsvæði. Michael segir: „ef þú tvöfaldar þóknunina mína, gæti það gefið mér nægilegt svigrúm til þess að vinna verkefnið.“ Jason spyr hvernig tvöföldun þóknunarinnar komi að gagni. Michael segir: „ekki hafa áhyggjur af smáatriðunum. Þú tvöfaldar þóknunina og ég næli í sölna.“

**SVAR:** Sölufulltrúi, sem óskar eftir hærri þóknun í tengslum við ákveðna sölu, er viðvörunarljós, vegna þess að sölufulltrúinn er ef til vill að leita að fé til þess að múta innkaupafulltrúa. Annað viðvörunarljós er að sölufulltrúinn er óljós um hvers vegna hann vilji hærri þóknun. Jason ætti að segja sölufulltrúanum að hann geti ekki hækkað þóknunina og ætti að ítreka stefnur fyrirtækisins um spillingu, sem finna má í starfsreglum Teledyne fyrir þjónustuveitendur. Jason ætti að tilkynna um samræðuna til yfirregluvarðarins eða yfirlögfræðingsins, svo að fyrirtækið geti gripið til nauðsynlegra ráðstafana hvað varðar sölufulltrúann.

**AÐSTÆÐUR:** Í tengslum við framkvæmd samnings, hefur Jason skipulagt þjálfunarnámskeið í heimalandi Teledyne fyrirtækisins þar sem hann starfar fyrir sérvalda fulltrúa viðskiptavina. Fyrir ferðina óskar einn af fulltrúum viðskiptavinanna eftir innritun á virt hótél á meðan dvöl hennar stendur.

**SVAR:** Greiðslur fyrir uppihald, sem meðal annars geta verið fyrir gistingu, sem tengjast ekki lögmætum viðskiptum eða eru úr hófi eru ólöglegar samkvæmt lögum gegn spillingu í mörgum lögsagnarumdæmum. Jason ætti að upplýsa sölufulltrúann um stefnu Teledyne um gjafir og gestrisni og hann ætti að tilkynna um þessa ósk til yfirregluvarðarins eða yfirlögfræðingsins. Ef við á getur Jason boðið upp á aðstoð við ferðir vegna heimsóknarinnar án þess að greiða fyrir neinn kostnað. Ef Jason er í vafa um hvort uppfylling beiðnarinnar brjóti gegn stefnu fyrirtækisins eða lögum, ætti hann strax að hafa samband við yfirregluvörðinn fyrir frekari leiðbeiningar.

**Allir starfsmenn Teledyne sem halda að starfsmaður, sölufulltrúi, dreifingaraðili, ráðgjafi, umboðsmaður eða einhver, sem starfar fyrir hönd Teledyne, taki þátt í, greiði fyrir, láti viðgangast eða heimili einhvers konar spillingu, meðal annars, en takmarkast ekki við, mútugreiðslur, bakgreiðslur, fjárkúgun, fjádrátt eða peningabætti, skulu tilkynna strax um slíka hegðun til yfirregluvarðar eða yfirlögfræðings Teledyne.**

## ■ Lög um auðhringjavarnir og ósanngjarna samkeppni

Teledyne mun haga viðskiptum sínum með þeim hætti að það sé í samræmi við gildandi lög um auðhringjavarnir og ósanngjarna samkeppni, sem ætlað er að efla frjálsa og opna samkeppni. Allir starfsmenn Teledyne skulu þekkja og fylgja öllum gildandi lögum um auðhringjavarnir og ósanngjarna samkeppni.

Til þess að tryggja samræmi við lög um auðhringjavarnir og ósanngjarna samkeppni, skulu starfsmenn forðast samskipti við samkeppnisaðila Teledyne þegar slíkt er hægt. Slík samskipti geta haft í för með sér túlkun á samsæri um að fremja brot gegn lögum um auðhringi, jafnvel þegar óheimil atriði eru ekki til umræðu. Þegar hægt er skulu starfsmenn Teledyne leita

leiðsagnar hjá yfirlögfræði fyrirtækisins áður en fundir eða umræður við samkeppnisaðila fara fram.

Almennt banna lög um auðringjavarnir fyrirkomulag eða samninga sem takmarka viðskipti. Starfsmenn ættu ekki að ræða við samkeppnisaðila Teledyne um:

- Efni sem tengist framleiðslu, sölu eða dreifingu á vörum eða þjónustu, þar á meðal verð eða tengdar upplýsingar, kostnað, hagnað, markaðssetningu, umdæmi, söluskilmála, framleiðslumagn, söluumdæmi, tilboðstækni eða aðrar viðkvæmar markaðsupplýsingar
- „Ákvörðun“ verðs, afslátta eða söluskilmála
- Að taka þátt í ólöglegum gagnkvæmum samningum (t.d. nota markaðsyfirráð með óeðlilegum hætti til þess að gera samkomulag þar sem samþykkt er að kaupa vörur fyrirtækis ef það samþykkir að kaupa vörur fyrirtækisins þíns á móti).

Starfsmenn ættu ekki að ræða við samkeppnisaðila eða viðskiptavini Teledyne um:

- Skiptingu umdæma eða markaða
- Úthlutun viðskiptavina
- Að sniðganga viðskiptavini eða birgja.

Starfsmenn ættu ekki að nota umræður við viðskiptavini sem leið til þess að koma upplýsingum á framfæri til samkeppnisaðila.

Starfsemin, sem talin er upp að ofan, er dæmi um starfsemi sem bönnuð er í lögum um auðringjavarnir og ósanngjarna samkeppni. Önnur starfsemi kann einnig að brjóta gegn slíkum lögum, og ættu starfsmenn, sem taka þátt í samningum um viðskipti, að kynna sér viðeigandi lög til þess að forðast slík brot. Allir starfsmenn, sem eru óvissir um lög um auðringjavarnir og ósanngjarna samkeppni, ættu að leita leiðbeininga hjá yfirlögfræðingi fyrirtækisins.

**Aðstæður:** Mark ber ábyrgð á viðskiptaþróun hjá Teledyne fyrirtækinu þar sem hann starfar. Þegar hann sótti viðskiptastefnu í New York, kom Tom, starfsbróðir hans hjá samkeppnisaðila, að máli við hann. Tom hafði á orði að það yrði mun ódýrara fyrir bæði fyrirtækin ef þeir gætu ákveðið fyrirfram hver myndi bjóða í ákveðna samninga.

**Svar:** Mark ætti að segja Tom að óviðeigandi væri að ræða þetta umræðuefni milli samkeppnisaðila. Mark ætti að afsaka sig og yfirgefa samræðurnar og hafa strax samband við yfirlögfræðing Teledyne.

**Brot gegn lögum um auðringjavarnir og ósanngjörn viðskipti, geta leitt til alvarlegra viðurlaga fyrir fyrirtækið og fangelsisvistar fyrir einstaklinga sem taka þátt í slíku. Brot gegn lögum, þessum reglum eða stefnum Teledyne, sem tengjast auðringjavörnum eða ósanngjarnri samkeppni, getur einnig leitt til viðurlaga, til og með brottrekstri.**

## ■ Samningar við stjórnvöld

Teledyne leggur áherslu á heiðarleika í samningsgerð við stjórnvöld og að framkvæma samninga sína við stjórnvöld í samræmi við skilmála þeirra og gildandi lög. Sérhver starfsmaður Teledyne, sem tekur þátt í samningum við stjórnvöld, skal þekkja og fylgja öllum þeim lögum sem tengjast framkvæmd samninga við stjórnvöld. Starfsmenn skulu einnig tryggja að efndir þeirra á

## samningum við stjórnvöld séu í samræmi við samningsskilmálana og gildandi rétt.

Teledyne mun sækjast eftir, framkvæma og efna samninga við viðskiptavinum okkar hjá hinu opinbera og aðalverktaka þeirra með því að nota sömu gildi, meginreglur og starfsvenjur og gilda í viðskiptum okkar, á sama tíma og við fylgjum þeim sérstöku kröfum sem gilda um viðskipti við stjórnvöld um allan heim. Starfsmönnum Teledyne ber skylda til þess að tryggja að þeir og fyrirtækið:

- Fylgi öllum lögum, reglugerðum og reglum sem tengjast samningum við stjórnvöld
- Fylgi öllum skilmálum samninga við stjórnvöld
- Veiti réttar upplýsingar til viðskiptavina okkar hjá hinu opinbera
- Meðhöndli með réttum hætti og hafi eftirlit með leynilegu og öðru efni undir eftirliti
- Skrái með réttum hætti niður þann tíma sem unnið er við samninga við stjórnvöld
- Veiti þær vörur eða þjónustu sem kveðið er á um í samningnum
- Fylgi í einu og öllu þeim lögum, reglugerðum og reglum, sem tengjast heilleika innkaupaferlis hins opinbera, meðal annars, en takmarkast ekki við, þær reglur sem tengjast því að gefa gjafir eða þjófnefni til opinberra starfsmanna.

Allir Teledyne starfsmenn með spurningar um lög, reglugerðir og reglur, sem tengjast samningum við stjórnvöld, ættu að leita leiðsagnar hjá yfirregluverði fyrirtækisins. Fyrir samninga við Bandaríkjastjórn ættu starfsmenn Teledyne einnig að ráðfæra sig við ferlana í leiðbeiningum Teledyne Technologies um samninga við stjórnvöld.

Við þurfum að vera sérstaklega á varðbergi þegar kemur að hegðun okkar gagnvart opinberum starfsmönnum. Það eru mjög strangar reglur í gildi sem banna þessum starfsmönnum að taka á móti fríðu, þar á meðal máltíðum, sem annars kunna að vera viðeigandi í viðskiptum. Starfsmenn fyrirtækisins ættu að kanna hjá siðaverði eða samningastjóra deildarinnar til þess að átta sig á viðeigandi reglum stjórnvalda, áður en fríða eða gjafir eru boðnar opinberum starfsmönnum.

**AÐSTÆÐUR:** Harry og Dawn eru úti að borða með verkefnisstjóra hjá alríkisstofnun Bandaríkjanna en stofnunin hefur keypt vörur frá fyrirtækinu þeirra áður og er líkleg til þess að gera svo áfram. Reikningurinn fyrir máltíðina eru 100 \$. Harry fær reikninginn og segir opinbera starfsmanninum að þetta sé „í boði fyrirtækisins“. Hvað ætti Dawn að gera?

**SVAR:** Dawn ætti að minna Harry kurteislega á hin ströngu lög og stefnu fyrirtækisins sem gilda um máltíðir fyrir opinbera starfsmenn. Dawn ætti að leggja til að opinberi starfsmaðurinn greiði fyrir eigin máltíð til þess að forðast brot gegn lögum, reglugerðum eða reglum sem tengjast samningsgerð við stjórnvöld.

**Brot á samningum við stjórnvöld getur leitt til stöðvunar og útilokunar sem þýðir að fyrirtækinu væri útilokað frá frekari viðskiptum við viðkomandi stjórnvald. Í ákveðnum kringumstæðum kunna einstaklingar, sem taka þátt í óheimilli starfsemi að verða beittir refsiviðurlögum.**

### ■ Réttar tæknilegar upplýsingar

Allir starfsmenn Teledyne, sem bera ábyrgð á því að finna, skrá eða tilkynna

um tæknilegar upplýsingar, skulu tryggja að þær séu réttar, ítarlegar og auðskildar. Þessi krafa gildir um allar tæknilegar upplýsingar, hvort sem upplýsingarnar eru notaðar innanhúss við stjórnun á starfsemi fyrirtækisins eða eru fyrir viðskiptavinum.

Réttar tæknilegar upplýsingar eru mjög mikilvægar fyrir starfsmena okkar. Fyrirtækið okkar fjárfestir í réttum tæknilegum upplýsingum til þess að aðstoða starfsmenn okkar við að framleiða vörur með réttum hætti og veita þjónustu af miklum gæðum. Þessar upplýsingar eru til dæmis upplýsingar sem tengjast prófunum og skoðunum á þeim vörum sem við framleiðum. Við veitum einnig viðskiptavinum okkar tæknilegar upplýsingar. Við öll þurfum að tryggja að viðskiptavinir okkar fái ávallt réttar og nytsamlegar tæknilegar upplýsingar.

*Enginn starfsmaður Teledyne skal skrá eða tilkynna um falsar, ónothæfar, villandi eða ónákvæmar tæknilegar upplýsingar eða veita samþykki sitt fyrir slíkri starfsemi.*

Allar prófanir, sem finna má í ferlum fyrirtækisins eða skjalfestar í skriflegum samningnum við viðskiptavinum, skal framkvæma eins og geta okkar leyfir. Ef ekki er hægt að framkvæma slíkar prófanir skal upplýsa viðskiptavininn um öll frávik frá ráðgerðum eða skjalfestum prófunarferlum eða -aðferðum. Allar skrár þurfa að passa nákvæmlega við upplýsingarnar úr prófuninni og endurspeglar raunverulegar mælingar samkvæmt getu búnaðarins og þeirra aðferða sem notaðar eru.

**Öllum starfsmönnum, sem grunar að falsaðar upplýsingar hafi verið skráðar eða miðlað til viðskipta eða birgja, ber skylda til að tilkynna tafarlaust um slík mál til yfirregluvarðar Teledyne, yfirlögfræðingsins eða beinu siðgæðislinuna í síma **+1 877- 666-6968**. Skráning eða miðlun á fölsuðum tæknilegum upplýsingum getur leitt til hárrar skaðabótaskyldu og alvarlegra viðurlaga fyrir fyrirtækið og getur falið í sér refsiverða háttsemi þeirra sem taka þátt í slíku.**

## ■ Regluhlýðni í alþjóðaviðskiptum

Með starfsstöðvar í Bandaríkjunum og um allan heim, er fyrirtækið alþjóðlegt, og á reglulega í samskiptum við fyrirtæki, viðskiptavinum og birgja í mörgum löndum. Það er á ábyrgð sérhvers starfsmanna að skilja og fylgja innlendum lögum um viðskipti í þeim löndum sem hann eða hún kann að taka þátt í viðskiptum fyrir Teledyne. Viðskiptastarfsemi okkar tekur einnig til útflutnings og innflutnings í stórum stíl. Teledyne fer fram á að starfsmenn skilji og fylgi öllum gildandi lögum og reglum um viðskipti og stefnum Teledyne um reglufylgni í alþjóðaviðskiptum.

Starfsmönnum Teledyne, sem taka þátt í alþjóðaviðskiptum, ber skylda til þess að tryggja að þeir og fyrirtækið:

- Fylgi öllum gildandi innlendum lögum um viðskipti
- Fylgi öllum gildandi lögum um alþjóðaviðskipti
- Fylgi öllum stefnum og ferlum Teledyne um útflutnings- og innflutningseftirlit
- Fái öll nauðsynleg útflutnings- og innflutningsleyfi
- Fái öll nauðsynleg upprunavottorð

- Haldi nauðsynlega skrár um alþjóðaviðskipti þannig að hver færsla sé nákvæm og ítarleg
- Flytji ekki út til landa eða einstaklinga þegar slíkur útflutningur er bannaður samkvæmt gildandi lögum
- Noti skimunaraðferðir til þess að tryggja að farið sé að lögum sem tengjast viðskiptum við bönnuð lönd eða bannaða einstaklinga.
- Taki ekki þátt í eða styðji viðskiptabann við einstaklinga, hópa eða lönd sem brýtur í bága við gildandi lög gegn viðskiptabanni.

Þrátt fyrir að lög, reglugerðir, ferlar og aðferðir kunni að vera mismunandi eftir því hvar við stundum viðskipti, þurfum við að beita sömu ströngu nálgun við að fara yfir alþjóðleg viðskipti alls staðar þar sem við erum staðsett og á öllum stigum stjórnsýslunnar í öllum löndum.

Framangreindur listi yfir reglur er ekki tæmandi og skulu starfsmenn Teledyne sem taka þátt í útflutningi og innflutningi á vörum að kynna sér sjálfir gildandi lög, reglur og stefnur Teledyne. Þau lög og reglur, sem eru í gildi, eru flókin og byggja á mörgum þáttum, meðal annars vörunum, þeirri tækni, sem kemur við sögu, staðsetningu viðkomandi Teledyne fyrirtækis og staðsetningu aðilans sem fær vöruna eða tæknina. Frekari upplýsingar um löggjöf í alþjóðaviðskiptum má finna í stefnunum á innraneti Teledyne. Allir starfsmenn, sem hafa spurningar um löggjöf á sviði alþjóðaviðskipta, ættu að fá leiðsögn hjá starfsfólki á sviði reglufylgni í alþjóðaviðskiptum á starfsstöð viðkomandi starfsmanns, skrifstofu Teledyne fyrir alþjóðlega reglufylgni eða hjá yfirregluverði Teledyne.

**AÐSTÆÐUR:** Þetta er í lok ársfjórðungsins og yfirmaður Jane segir henni að ganga frá sendingu til útlanda. Jane athugar málin hjá útflutningseftirlitsfulltrúa fyrirtækisins, sem segir Jane að nauðsynlegt útflutningsleyfi hafi ekki borist. Yfirmaður Jane segir henni að senda hlutinn samt sem áður og athuga með útflutningsleyfið aftur í næstu vikum.

**SVAR:** Jane ætti að neita að senda hlutinn og ætti að hafa tafarlaust samband við skrifstofu Teledyne fyrir reglufylgni í alþjóðaviðskiptum, yfirregluverðinn eða beinu síðferðislinuna í síma +1 877-666-6968.

**Auk viðurlaga, geta brot gegn gildandi lögum og reglum leitt til alvarlegrar refsingar fyrir fyrirtækið og leitt til refsingar og fangelsisvistar fyrir þann einstakling sem tók þátt. Allir starfsmenn sem verða varir við hugsanleg brot gegn lögum, reglum eða stefnu fyrirtækisins á sviði reglufylgni í alþjóðaviðskiptum, skal tafarlaust hafa samband við yfirregluverðinn eða skrifstofu Teledyne fyrir reglufylgni í alþjóðaviðskiptum.**

## ■ Markaðssetning vöru

Teledyne mun markaðssetja vörur sínar og þjónustu með réttum hætti og í samræmi við öll gildandi lög og reglur. Allir starfsmenn Teledyne, sem taka þátt í markaðssetningu á vörum og þjónustu fyrirtækisins, skulu tryggja að allt tengt efni sé nákvæmt og mikilvægum staðreyndum sé ekki sleppt eða með öðrum hætti villandi fyrir væntanlega viðskiptavinum. Auk þess skal enginn Teledyne starfsmaður gagnrýna vörur eða þjónustu samkeppnisaðila með



## Ósanngjörnum hætti.

Það er mikilvægt fyrir orðspor fyrirtækisins að við markaðssetjum vörur okkar og þjónustu með réttum hætti. Auk þess að viðhalda trausti viðskiptavina okkar og annarra aðila gilda ýmis lög og reglur um nákvæmni markaðssettra vara og þjónustu. Starfsmönnum Teledyne, sem taka þátt í markaðssetningu á vörum og þjónustu, ber skylda til þess að kynna sér slíka löggjöf og að tryggja að þeir og fyrirtækið fylgi þeim.

**ADSTÆÐUR:** Sandy býr til markaðsefni fyrir nýja vöru frá Teledyne fyrirtækinu hennar sem mælir ákveðnar agnir í andrúmslofti. Hún telur að orðalagið „óviðjafnanleg nákvæmni í mælingum“ væri mjög grípanði slagorð til þess að auglýsa vöruna. Raunar er einn af samkeppnisaðilum fyrirtækisins með svipaða vöru sem hefur sambærilega nákvæmni. Juan, framkvæmdastjóri verkfræðideildarinnar, fréttir af markaðsherferð Sandy.

**SVAR:** Juan ætti að segja Sandy að velja nýtt slagorð vegna þess að tillaga hennar gæti blekknt væntanlega viðskiptavini.

## VIRÐING

Við komum fram við samstarfsfólk okkar af tillitssemi og virðingu og höldum vinnuumhverfinu öruggu og réttlátu.

Teledyne er stolt af fjölbreytni starfsmanna sinna og viðurkennir að áframhaldandi velgengi fyrirtækisins byggir á framlagi allra starfsmanna þess. Við væntum þess að starfsmenn okkar umgangist hvern annan af reisu, virðingu og sanngirni. Markmið okkar er að halda vinnuumhverfinu öruggu og jákvæðu þar sem allir starfsmen eru hvattir til þess að liggja sitt af mörkunum fyrir árangur fyrirtækisins. Yfirmenn bera sérstaka ábyrgð á því að tryggja að vinnuumhverfið sé jákvætt fyrir alla starfsmenn.

### ■ Starfshættir

Fyrirtækið er staðráðið í því að fylgja öllum lögum, sem varða atvinnustefnu, þar á meðal öllum lögum sem tengjast mismunun, friðhelgi, innflytjendum og launum og takmörkunum á vinnustundum.

Starfsmenn Teledyne skulu virða og fylgja allri gildandi vinnulöggjöf sem gildir á starfstöðvum okkar. Starfsmenn Teledyne skulu ekki nota eða greiða fyrir nauðungarvinnu 8 barnaþrælkun.

Starfsmenn Teledyne mega ekki taka þátt í ólöglegri mismunun á grundvelli kynþáttar, litarhafts, uppruna, trúar, kyns, aldurs, kynhneigðar, hjúskaparstöðu, þátttöku í hernaði eða fötlunar. Teledyne leggur áherslu á vinnustað án mismununar og að fyrirtækið muni ekki leyfa mismunun að viðgangast.

Starfsmenn Teledyne skulu vernda trúnaðarupplýsingar um starfsmenn fyrirtækisins og mega einungis veita öðrum slíkar upplýsingar ef þeir hafa lögmæta viðskiptalega þörf fyrir upplýsingarnar. Starfsmenn, sem meðhöndla slíkar upplýsingar, skulu einnig tryggja að þeir fylgi viðeigandi lögum og reglum um verndun, birtingu og miðlun þessara upplýsinga.

Í samræmi við viðeigandi löggjöf, skulu starfsmenn Teledyne, sem hafa með ráðningar að gera,

tryggja að allir einstaklingar, sem eru ráðnir af fyrirtækinu, uppfylli gildandi kröfur um búsetu og vinnurétt.

Starfsmenn Teledyne, sem bera ábyrgð á ákvörðun vinnutíma og launa, skulu tryggja að Teledyne fyrirtækið, sem þeir vinni fyrir, starfi í samræmi við gildandi lög þegar slíkar ákvarðanir eru teknar.

## ■ Heilbrigðis- og öryggismál

Teledyne hefur einsett sér að bjóða upp á öruggt og heilsusamlegt vinnuumhverfi. Allir starfsmenn Teledyne skulu fylgja stefnum og ferlum á viðkomandi vinnustað til þess að tryggja öruggt vinnuumhverfi og tilkynna tafarlaust um allar hættulegar vinnuaðstæður eða starfsemi svo og öll meiðsl og slys sem eiga sér stað á vinnustaðnum.

---

Fyrirtækið leitast við að viðhalda öruggum vinnuaðstæðum sem uppfylla eða ganga framar viðeigandi vinnuverndarstöðlum.

Allir starfsmenn bera ábyrgð á því að þekkja og fylgja stefnu og ferlum fyrirtækisins á sviði vinnuverndarmála. Starfsmenn Teledyne skulu tilkynna tafarlaust um allar hættulegar aðstæður og meiðsl eða slys á vinnustaðnum. Allir starfsmenn með áhyggjur af vinnuverndarmálum og þeir sem verða varir við meiðsl eða slys á vinnustaðnum ættu að tilkynna viðkomandi yfirmanni eða vinnuverndarfulltrúa á viðkomandi starfsstöð um slíkt. Ef ekki er tekið á málinu ætti starfsmaðurinn að tilkynna um það til yfirlögfræðingsins, yfirregluvarðarins eða beinu siðgæðislínuna í síma +1 **877-666-6968**.

Stjórnendur Teledyne bera sérstaka skyldu til að tryggja að starfsstöðvarnar, sem þeir stjórna, bjóði upp á öruggt og heilsusamlegt vinnuumhverfi. Þeir bera einnig sérstaka skyldu til að hvetja starfsmenn til þess að tilkynna um áhyggjur sínar varðandi öryggis- og heilbrigðismál og hvetja þá til þess að koma með ráðleggingar um úrbætur á sviði öryggismála.

**ADSTÆÐUR:** Selena er verkefnisstjóri hjá Teledyne fyrirtækinu sínu. Endurbætur eru í gangi á starfstöðinni og utanaðkomandi fyrirtæki hefur verktaka á staðnum. Þegar hún er að labba eftir gangi, sér hún einn af verktökunum gera sig kláran fyrir vinnu á rafmagnstengi. Einn af samstarfsmönnum verktakans spyr hann hvort hann hafi slökkt á aflrofanum áður en hann hóf vinnuna. Verktakinn svarar að hann hafi ekki tíma til þess að slökkva á aflrofanum vegna þess að hann hafi bara klukkutíma til þess að ljúka vinnunni.

**SVAR:** Jafnvel þó að Selena beri ekki ábyrgð á vinnuverndaráætlun Teledyne fyrirtækisins hennar, ætti hún að grípa til aðgerða. Hún ætti að segja verktakanum að biða með að hefja vinnu. Hún ætti síðan að hafa samband við vinnuverndarfulltrúan á starfsstöðinni og segja honum frá málinu.

## ■ Áreitni, ógnanir og ofbeldisfull hegðun

Fyrirtækið er staðráðið í því að bjóða upp á vinnuumhverfi sem er laust við áreitni, ógnandi hegðun og ofbeldi. Fyrirtækið mun ekki líða slíka hegðun. Allir starfsmenn bera ábyrgð á því að tilkynna um slíka hegðun.

---

Öllum starfsmönnum ber skylda til þess að haga sér á faglegan og kurteislegan hátt. Enginn starfsmaður skal taka þátt í áreitni, ógnandi hegðun eða ofbeldi á vinnustaðnum. Öll áreitni,

ógnandi hegðun og ofbeldi sem á sér stað utan við fyrirtækið en talið er tengjast vinnunni er einnig bannað.

Óviðeigandi hegðun gagnvart öðrum einstaklingi sem skapar ógnandi, fjandsamlegt eða særandi vinnuumhverfi telst áreitni. Áreitni getur verið í formi líkamlegra athafna, orða eða skilaboða. Hún getur verið, en takmarkast ekki við, kynferðislega áreitni. Kynferðisleg áreitni er meðal annars óvelkomin kynferðisleg viðreynsla, ósk um kynferðislega greiða eða aðrar athafnir í orðum eða líkamlegum tjáskiptum sem eru kynferðislegs eðlis. Öll áreitni getur haft áhrif á frammistöðu starfsmanns eða haft slæm áhrif á starfstækifæri starfsmannsins og kann að vera ólögmæt samkvæmt innlendum lögum.

**Allir starfsmenn sem taka eftir, uppgötva, verða fyrir áreitni, ógnandi hegðun eða ofbeldi ættu að tilkynna tafarlaust um slíkt til siðavarðar starfsstöðvarinnar, mannauðsstjóra starfsstöðvarinnar, yfirregluvarðarins eða yfirlögfræðingsins. Einnig má tilkynna nafnlaust um slíka hegðun í gegnum beinu siðgæðislínuna í síma +1 877- 666-6968.**

## ■ Eiturlyf og áfengi

Starfsmenn Teledyne mega ekki hafa í fórum sínum, dreifa, nota eða vera undir áhrifum ólöglegra eiturlyfja á eign fyrirtækisins eða tíma. Starfsmenn Teledyne mega heldur ekki vera undir áhrifum áfengis eða misnota lyf, hvort sem þau eru lyfseðilsskyld eða ekki, þegar þeir eru staddir á eign fyrirtækisins eða í starfstíma.

---

Til þess að tryggja öruggt vinnuumhverfi leitast Teledyne við að halda vinnuumhverfinu lausu við einstaklinga sem búa við skerta getu til ákvarðanatöku vegna vímuefnaneyslu. Engir starfsmenn Teledyne mega hafa í fórum sínum, dreifa, nota eða vera undir áhrifum ólöglegra eiturlyfja á eign fyrirtækisins eða tíma. Auk þess mega starfsmenn Teledyne ekki vera undir áhrifum áfengis eða misnota lyf, hvort sem þau eru lyfseðilsskyld eða ekki, þegar þeir eru staddir á eign fyrirtækisins eða starfstíma.

Öll ólögleg notkun lyfja eða misnotkun áfengis, lausasölulyfja eða lyfseðilsskyldra lyfja, hvar sem hún fer fram, sem varnar því að viðkomandi einstaklingur geti sinnt skyldum sínum með öruggum og fullnægjandi hætti skal tekin til rannsóknar. Slík hegðun getur leitt til viðurlaga, meðal annars brottrekstrar.

Í samræmi við gildandi lög, getur verið að Teledyne beiti lyfjaeftirliti til þess að greina notkun ólöglegra lyfja og kann að hafa hliðsjón af ólöglegu lyfjanotkuninni þegar ákvarðanir eru teknar sem varða ráðningar, endurráðningar eða áframhaldandi störf.

# ÁBYRGÐ

Við leitumst við að auka og varðveita virði fyrirtækisins með því að starfa í þágu fyrirtækisins og hluthafa þess.

Hluthafar okkar eiga fyrirtækið. Í öllu sem við gerum er mjög mikilvægt að við höldum trúnaði þeirra og trausti og vinnum í þeirra þágu. Sem starfsmenn, erum við skuldbundin tveimur meginmarkmiðum: auka virði fyrirtækisins og varðveita. Þessi vinna ætti að þessum markmiðum með því að starfa ávallt í þágu fyrirtækisins og með því að fylgja meginreglunum sem finna má í þessum reglum. Þar á meðal er að haga viðskiptum okkar á ábyrgan og löglegan hátt í þágu hagsmuna hluthafa okkar.

## ■ Reikningsskil: Bókhald, endurskoðun, innra eftirlit og upplýsingagjöf

Það er stefna fyrirtækisins að halda nákvæmt og ítarlegt bókhald sem uppfyllir kröfur viðeigandi laga, reglna og reglugerða. Starfsmenn Teledyne bera ábyrgð á því að tryggja nákvæmni slíkra skráa og að tilkynna um öll tilvik um ónákvæmni í bókhaldi og grunsemdir um svik.

Sarbanes-Oxley lögin voru sett í Bandaríkjunum til þess að vernda fjárfesta með því að bæta nákvæmni og öryggi upplýsinga frá fyrirtækjum á markaði (þ.e. reikningsskila sem reglulega er krafist í verðbréfalögum alríkisstjórnar Bandaríkjanna). Fyrirtækið er staðráðið í því að halda nákvæmt og ítarlegt bókhald og skulu starfsmenn Teledyne tryggja að fjárhagsyfirlýsingar okkar komi á réttum tíma og séu ekki villandi. Allar skrár fyrirtækisins skulu með réttum hætti endurspegla hið sanna og tæmandi eðli hverrar færslu. Fyrirtækið bannar falskar eða villandi færslur í skrár okkar og fylgir almennt viðurkenndum bókhaldsreglum. Þar sem hlutabréf fyrirtækisins eru skráð í kauphöll Bandaríkjanna, ber öllum starfsmönnum skylda til þess að fylgja kröfum Sarbanes-Oxley laganna, óháð því hvar starfsstöð þeirra er staðsett.

Stefna fyrirtækisins krefst þess að eftirfarandi sé haft í heiðri:

- Að engum ótilgreindum eða óskráðum sjóðum eða eignum fyrirtækisins verði komið á fót í hvaða tilgangi sem er
- Að engar falskar eða villandi færslur verði gerðar í bækur eða skrár fyrirtækisins sama hver ástæðan er
- Að engir starfsmenn muni aðstoða við fyrirkomulag sem leiðir til falskra eða villandi færslna
- Að engar greiðslur eða útgjöld fyrirtækisins verði gerðar án nauðsynlegs fyrra leyfis og fylgiskjala
- Að engar greiðslur eða útgjöld verði gerðar ef einhver hluti greiðslunnar eða útgjaldanna er, með beinum eða óbeinum hætti, notaður í tilgangi öðrum en þeim sem lýst er í beinum orðum í fylgiskjalinu.

Teledyne er með Sarbanes-Oxley upplýsingagjafarnefnd. Meðal verkefna hennar er að vera úrræði til viðbótar fyrir starfsmenn til þess að spyrja spurninga um bókhald, endurskoðun, innra eftirlit og upplýsingagjöf. Allir starfsmenn með spurningar um slík málefni geta haft samband við siðgæðislinuna í síma +1 877- 666-6968 til þess að koma á framfæri áhyggjum til nefndarinnar. Einnig má hafa samband við nefndina bréfleiðis:

[Teledyne Sarbanes-Oxley Disclosure Committee](#)

Ein mikilvæg gerð fjárhagsskýrsla eru skýrslur um tímaskráningu starfsmanna, en þær koma með margvíslegum hætti við sögu í fyrirtækinu, svo sem við launaútreikning og innheimtu hjá viðskiptavinum. Þegar unnið er samkvæmt samningi við stjórnvöld getur röng innheimta á grundvelli rangrar tímaskráningar verið refsivert athæfi. Sérhver starfsmaður, sem ber ábyrgð á því að skrá unnar tímastundir, skal skrá tíma sinn með nákvæmum hætti með réttum innheimtunúmerum.

**ADSTÆÐUR:** Nora er flutningsstjóri hjá Teledyne fyrirtæki. Þetta er síðasti dagur ársfjórðungsins. Hún er kölluð á skrifstofu eins sölustjórans og spurð um hvort ákveðin sending verði tilbúin til sendingar fyrir lok dagsins. Nora segir að sendingin verði ekki tilbúin. Þegar hún er að fara heyrir hún sölustjórann segja samstarfsmanni sínum um að hafa ekki áhyggjur um ársfjórðungslaunauppbótina vegna þess að þeir muni bara setja þessa sendingu á listann yfir sendingar þennan mánuðinn.

**SVAR:** Nora ætti að tilkynna um málið til yfirmanns síns, fjármálastjóra fyrirtækisins, siðavarðar starfstöðvarinnar, yfirlögfræðingsins, yfirregluvarðarins eða beinu siðgæðislinunnar í síma +1 666-6968.

Allir starfsmenn sem búa yfir upplýsingum um óskráða sjóði eða eignir eða ólöglegar athafnir er tengjast bókhaldi, endurskoðun eða innra eftirliti eða upplýsingamiðlun skal tilkynna tafarlaust um slíkt til Sarbanese-Oxley upplýsingagjafarnefndar fyrirtækisins eða einhvers af siðferðisfulltrúunum á blaðsíðu 2.

## ■ Réttar viðskiptaskýrslur

Það er stefna fyrirtækisins að halda réttar viðskiptaskýrslur. Allir starfsmenn skulu tryggja nákvæmni þeirra viðskiptaskýrsla sem hann eða hún býr til.

Starfsmenn Teledyne skulu tryggja að réttar upplýsingar séu skráðar í viðskiptaskýrslur fyrirtækisins. Enginn starfsmaður Teledyne skal falska viðskiptaskýrslur eða leggja blessun sína yfir slíka framkvæmd. Allir Teledyne starfsmenn sem verða varir við falsaðar skýrslur skulu tilkynna það til yfirregluvarðarins, yfirlögfræðingsins eða beinu siðgæðislinunnar.

Fölsun skjala getur haft mikilsháttar refsiviðurlög í för með sér fyrir fyrirtækið og þá einstaklinga sem taka þátt í slíkum, meðal annars sektir og fangelsisvist. Enginn starfsmaður Teledyne skal taka þátt í slíkum athöfnum.

## ■ Samstarf við rannsóknarmenn

Öllum starfsmönnum ber skylda til þess að aðstoða við rannsóknir eða upplýsingabeirni þegar stjórnendur fyrirtækisins eða endurskoðendur tilkynna um slíka skyldu.

Starfsmenn Teledyne bera skyldu til þess að aðstoða við beirni um upplýsingar þegar slíkar

beiðnir koma frá stjórnendum fyrirtækisins eða endurskoðendum eða þegar lögmæt ósk um upplýsingar berst fyrirtækinu frá yfirvöldum. Enginn starfsmaður Teledyne skal falsa, eyða eða leynd skjölum þegar óskað hefur verið eftir slíkum gögnum. Þess utan skulu engir Teledyne starfsmenn veita falskar eða villandi yfirlýsingar eða halda upplýsingum frá stjórnendum, endurskoðendum eða rannsóknarmönnum yfirvalda eða embættismönnum. Allir starfsmenn, sem verða varir við slíka háttsemi, skulu tilkynna um hana til yfirlögfræðingsins.

Það er stefna okkar að aðstoða við eðlilegar beiðnir frá rannsóknarmönnum stjórnvalda á hvaða stigi sem er og á öllum starfsstöðvum okkar. Á sama tíma eiga starfsmenn fyrirtækisins rétt á þeim vörnum sem kveðið er á um í gildandi lögum, sem geta falið í sér aðstoð lögmanns, þegar rannsóknarmenn eru að leita að upplýsingum varðandi starfsemi fyrirtækisins á grundvelli fullnustugerðar eða rannsóknar. Í því skyni að gera fyrirtækinu kleift að svara með viðeigandi hætti fulltrúa stjórnsýslustofnunar, sem óskar eftir að tala við starfsmann eða óskar eftir gögnum frá fyrirtækinu, ætti að veita yfirlögfræðingi afrit af viðkomandi gögnum fyrirtækisins eða aðgang að viðkomandi skrá. Auk þess skulu starfsmenn, sem fá tilkynningu um rannsókn stjórnvalda á fyrirtækinu, hafa samband við yfirlögfræðinginn tafarlaust.

**Eyðing eða hylming skráa eða þátttaka í háttsemi við að hindra rannsókn yfirvalda getur haft mikilsháttar refsiviðurlög í för með sér fyrir fyrirtækið og þá einstaklinga sem taka þátt í slíku, meðal annars sektir og fangelsisvist. Enginn starfsmaður Teledyne skal taka þátt í slíkum athöfnum.**

## ■ Verndun eigna, skýrsla og upplýsinga

Teledyne mun stunda viðskipti sín með þeim hætti að það tryggji vernd eigna fyrirtækisins, skráa og upplýsinga.

### › **Verndun og notkun eigna fyrirtækisins**

Að lokum eru það hluthafarnir sem eiga eignir fyrirtækisins og ber hverju okkar mikilvæg skylda til þess að vernda og varðveita gildi þessara eigna. Í samræmi við það skal sérhver starfsmaður Teledyne tryggja að eignir, skrár og upplýsingar fyrirtækisins sé verndað gegn úrgangi, skemmdum, þjófnaði eða öðru tapi. Í þessari skyldu felst líka að grípa til viðeigandi ráðstafana til þess að vernda eignirnar og tilkynna um grunsamlegar athafnir til öryggisfulltrúans á Teledyne starfsstöð viðkomandi starfsmanns.

Einungis má nota eignir fyrirtækisins í viðskiptalegum tilgangi, nema þegar takmörkuð persónuleg notkun er heimil samkvæmt stefnu fyrirtækisins.

### › **Trúnaðarupplýsingar fyrirtækisins**

Það er mikilvægt að allir starfsmenn tryggi trúnaðarupplýsingar fyrirtækisins og hafni öllum óeðlilegum aðgangi að slíkum upplýsingum. Trúnaðar- eða einkaleyfisupplýsingar fyrirtækisins okkar og annarra fyrirtækja, eru meðal annars upplýsingar, sem almennt eru ekki gefnar upp, og geta verið hagnýtar eða nytsamlegar samkeppnisaðilum okkar. Við ættum ávallt að vera á varðbergi gagnvart óviljandi upplýsingagjöf sem kann að eiga sér stað annaðhvort í samræðum manna á milli eða venjulegum samskiptum við birgja okkar og viðskiptavini. Verndun viðskiptaleyndarmála fyrirtækisins, einka- og trúnaðarupplýsinga, felur í sér ráðstafanir eins og að:

- Ræða ekki slíkar upplýsingar á opinberum stöðum þar sem aðrir geta heyrt samræðurnar
- Fylgja öryggisreglum um geymslu og miðlun gagna og rafrænna gagna
- Takmarka miðlun slíkra upplýsinga til þeirra starfsmanna sem þurfa á þekkingu á þeim að halda

Enginn starfsmaður Teledyne má miðla slíkum upplýsingum til óheimilla einstaklinga. Auk þess skulu allir starfsmenn gera trúnaðarsamkomulag, en samkvæmt því heldur skyldan um að vernda trúnaðarupplýsingar Teledyne áfram eftir að starfsmaðurinn hættir störfum fyrir Teledyne.

### › **Ut anumhald viðskiptaskráa**

Halda skal viðskiptaskrár í samræmi við stefnu fyrirtækisins um viðskiptaskrár.

### › **Varðveislutilkynning vegna málareksturs**

Af og til kann að vera að starfsmönnum Teledyne verði falið að varðveita skrár sem tengjast málarekstri eða rannsókn. Það er mjög mikilvægt að starfsmenn Teledyne fylgi slíkum beiðnum í einu og öllu. Öllum starfsmönnum Teledyne, sem falið er að varðveita skjöl, sem tengjast málarekstri eða rannsókn, skal varðveita slíkar skrár og eyða þeim ekki.

**Fyrirtækið bannar allan þjófnað, svik eða álíka brot á lögum. Allir starfsmenn sem verða varir við þjófnað eða svik, án tillit til verðmætis hans, skal tilkynna um það til yfirmanns síns eða einhvers af siðferðisfulltrúunum á blaðsíðu 2. Yfirmenn sem verða varir við slíka háttsemi skulu tafarlaust hafa samband við yfirregluvörð eða yfirlögfræðing fyrirtækisins. Slík háttsemi verður rannsökuð í þaula og gripið til viðeigandi viðurlaga, til og með brottrekstri. Öllum starfsmönnum ber skylda til að starfa með slíkum rannsóknum. Teledyne mun ekki líða hefndir gegn þeim starfsmönnum sem tilkynna um svik, þjófnað, sóun eða misnotkun eigna fyrirtækisins.**

## ■ **Notkun á tölvu- og rafeindakerfum fyrirtækisins**

**Tölvur og rafeindakerfi fyrirtækisins skal fyrst og fremst nota við skiptin en ekki í óviðeigandi tilgangi.**

Samskipta- og tölvukerfi fyrirtækisins eru eign fyrirtækisins og skal fyrst og fremst nota þau við viðskiptin. Þessi kerfi eru meðal annars, tölvur, tölvupóstur, innranet- og Netaðgangur, símar, farsímabúnaður og talhólf. Einungis ætti að nota slík kerfi í viðskiptalegum tilgangi, nema þegar takmörkuð persónuleg notkun er heimil samkvæmt stefnu fyrirtækisins.

Ekki skal nota þessi kerfi í óviðeigandi tilgangi, þar á meðal:

- Til þess að senda athugasemdir, skilaboð eða brandara sem fela í sér áreitni, ógnanir, móðganir eða lítilsvirðingu
- Með uppsetningu á skráarmiðlunar- eða jafningjanetum
- Að standa að ólöglegum, ósiðferðislegum eða óviðeigandi viðskiptum
- Að nota slík kerfi óhóflega til persónulegra nota á vinnutíma
- Að hlaða niður höfundarvörðu efni

Sömu aðgát skal viðhafa við samningu tölvupósta, vefspjalls og smáskilaboða og við önnur fyrirtækjaskjöl. Rafræn skilaboð eru varanleg og endurheimtanleg skrifleg gögn sem

auðveldlega má afrita og áframsenda um allan heim án heimildar frá þér. Þau geta því talist skrár fyrirtækisins.

**Starfsmenn Teledyne skulu ekki gera ráð fyrir friðhelgi í neinum samskiptum eða gögnum, persónulegum eða öðrum, sem eru geymd eða miðlað á miðlunar- eða tölvukerfum fyrirtækisins. Í samræmi við viðeigandi lög, áskilur fyrirtækið sér rétt til þess að hafa eftirlit með notkun slíkra tækja og fá aðgang að og miðla upplýsingum sem geymdar eru eða miðlað er á slíkum kerfum. Fyrirtækið kann að framkvæma eftirlit af lögmætum viðskiptaástæðum og í samræmi við gildandi lög.**

## ■ Innherjaviðskipti

Enginn starfsmaður Teledyne má taka þátt í eða stuðla að innherjaviðskiptum, þar á meðal að veita öðrum leynilegar upplýsingar.

Í störfum sínum verða starfsmenn Teledyne oft varir við trúnaðar- eða einkaupplýsingar sem varða mikilsverða þætti viðskipta fyrirtækisins. Slíkar upplýsingar kunna að vera fjárhagsleg niðurstaða fyrirtækisins, tæknileg þróun, hugsanlegar yfirtökur og önnur álíka viðkvæm málefni. Starfsmenn Teledyne kunna einnig að komast að svipuðum upplýsingum sem tengjast viðskiptavinum, birgjum eða samstarfsaðilum Teledyne.

Það er brot gegn verðbréfalögum ef starfsmenn versla með hlutabréf á grundvelli upplýsinga, sem ekki eru aðgengilegar almenningi (almennt vísað til sem „innherjaupplýsingar“) eða veita öðrum slíkar upplýsingar. Upplýsingarnar eru taldar „efnislegar“ ef þær gætu haft áhrif á ákvörðun fjárfestis um að kaupa eða selja eða halda í hlutabréf fyrirtækisins eða hlutabréf einhvers af viðskiptavinum okkar, birgjum eða samstarfsaðilum. Upplýsingar eru „ekki almennar“ fyrr en þeim hefur verið miðlað til almennings og fullnægjandi tími hefur liðið fyrir verðbréfamarkaðinn til þess að taka á móti og bregðast við upplýsingunum.

Að neðan er listi yfir nokkrar algengar tegundir af innherjaupplýsingum:

- Áætlanir um hagnað eða breytingar á fyrri áætlunum um hagnað
- Skipti á hlutabréfum
- Að gera eða tapa stórum samningum
- Hugsanlegar yfirtökur
- Sameiningar
- Mikilvægar tæknilegar uppgötvánir
- Mikilsverðar breytingar á samkeppnisstöðu
- Mikil málaferli
- Stórar fjármunahreyfingar
- Upplýsingar um rekstrareiningu eða vörulínu sem venjulega eru ekki aðgengilegar almenningi

Starfsmenn Teledyne þurfa einnig að fylgja stefnum Teledyne varðandi hlutabréfaviðskipti, þar á meðal takmarkanir á hvenær og hvernig má eiga viðskipti með hlutabréf fyrirtækisins, hvenær þörf er á leyfi fyrirfram fyrir hlutabréfaviðskipti og svipuð málefni. Allir starfsmenn sem eru óvissir um ábyrgð sína sem tengist innherjaviðskiptum ættu að fá leiðsögn hjá yfirlögfræðingi fyrirtækisins.

**ÁÐSTÆÐUR:** Ellen er háttsettur rannsóknarverkfræðingur hjá Teledyne fyrirtæki. Ellen og teymið hennar þróðu nýlega nýja tækni sem fyrirtækið trúir að muni tryggja því leiðandi tækni á þessu sviði og skapa sögulegar tekjur. Á endurfundum úr menntaskóla spyr einn herbergisfélagi



hennar úr menntaskóla hana um vinnu hennar. Getur hún rætt um þessa nýju byltingu?

**SVAR:** Nei. Upplýsingar um tækniframfarirnar eru ekki aðeins trúnaðar- og einkaupplýsingar Teledyne heldur geta þær einnig talist efnislegar upplýsingar, sem ekki eru aðgengilegar almenning, af því tagi að þær gætu haft áhrif á hlutabréfaverð fyrirtækisins.

**Starfsmenn Teledyne sem fá vitneskju um innherjaupplýsingar um Teledyne mega ekki kaupa eða selja hlutabréf í Teledyne og mega ekki segja öðrum frá þessum upplýsingum, þar á meðal fjölskyldumeðlimum og vinum. Starfsmenn Teledyne ættu ekki að ræða innherjaupplýsingar við starfsmenn, sem ekki þurfa að hafa vitneskju um upplýsingarnar, starfa sinna vegna. Það eitt að miðla innherjaupplýsingum kann að vera ólöglegt og gæti haft refsiviðurlög í för með sér fyrir upplýsingagjafann og upplýsingaþegann. Þessar takmarkanir gilda einnig um hlutabréf viðskiptavinar, birgja eða samstarfsaðila sem starfsmaður Teledyne fær innherjavitneskju um.**

## ■ Hagsmunaárekstrar

Starfsmenn Teledyne skulu forðast aðstæður sem stríða gegn eða virðiat stríða gegn skyldum þeirra um að starfa í þágu fyrirtækisins.

Góðir viðskiptahættir krefjast góðrar dómgreindar, heiðarleika og hárra siðferðislegra staðla á öllum stundum. Ein af ástæðum árangurs fyrirtækisins er að starfsmenn okkar taka sjálfstæðar og hlutlægar viðskiptaákvæðanir í þágu fyrirtækisins. Starfsmenn Teledyne skulu forðast aðstæður sem stríða gegn eða virðast stríða gegn skyldum þeirra um að starfa í þágu fyrirtækisins. Almennt geta hagsmunaárekstrar komið upp þegar persónulegir eða fjölskylduhagsmunir starfsmanns koma í veg fyrir að starfsmaðurinn geti tekið rétta viðskiptalega ákvörðun í þágu fyrirtækisins. Starfsmenn þurfa því að átta sig á aðstæðum þar sem hagsmunaárekstrar geta komið upp. Slíkar aðstæður geta varpað skugga á fyrirtækið eða starfsmanninn.

### › **Háttsemi utan fyrirtækisins**

Eftirfarandi eru dæmi um hugsanlega hagsmunaárekstra:

- Störf utan fyrirtækisins, þar á meðal einkarekstur
- Seta í stjórn annars fyrirtækis
- Aðstæður þar sem starfsmaður, nánir vinir starfsmannsins eða fjölskyldumeðlimir eða fyrirtæki í eigu slíkra einstaklinga muni hagnast persónulega af viðskiptum við fyrirtækið
- Aðstæður þar sem starfsmaður grípur viðskiptatækifæri sem starfsmaðurinn fréttir af í gegnum störf sín hjá fyrirtækinu eða með notkun sinni á eignum fyrirtækisins.

### › **Viðtaka gjafa og þjófnes**

Önnur gerð af hagsmunaárekstrum getur komið upp þegar starfsmanni bjóðast verðmæti frá birgja eða viðskiptavini. Starfsmenn sem vinna með beinum hætti með birgjum okkar og verk tökum bera sérstaka ábyrgð á því að forðast slíka raunverulega eða sýnilega hagsmunaárekstra.

Starfsmenn Teledyne hafa heimild til þess að þiggja hógværar, tilfallandi viðskiptamáltíðir

og hressingar eða kynningarefni að eðlilegu virði frá viðskiptavinum fyrirtækisins eða birgjum. Slíkar máltíðir, hressingar eða kynningarefni skal ekki þiggja með reglulegu millibili eða fyrir óviðeigandi viðskiptaforskot. Aldrei má þiggja fégjafir eða verðbréf.

Starfsmenn Teledyne skulu ekki óska eftir gjöfum, máltíðum eða öðrum verðmætum frá viðskiptavinum, birgjum eða öðrum samstarfsaðilum.

Allir starfsmenn, sem bjóðast gjafir eða verðmæti, sem uppfyllir ekki þessar leiðbeiningar, skulu hafna þeim. Ef gjöfin er afhent áður en hægt er að neita henni ætti að endursenda hana. Ef ekki er hægt að skila gjöfinni skal starfsmaðurinn leita ráðgjafar hjá siðaverði viðkomandi starfsstöðvar. Í mörgum tilvikum kann að vera viðeigandi að gefa slíka gjöf eða nota hana í þágu annarra starfsmanna á Teledyne starfsstöðinni.

### › **Beint tilkynningarsamband**

Starfsmenn skulu einnig forðast sambönd, sem gætu haft neikvæð áhrif eða virst hafa áhrif á dómgreind þeirra eða athafnir í störfum þeirra fyrir fyrirtækið. Þar á meðal, en takmarkast ekki við, að með beinum eða óbeinum hætti, ráða, veita stöðuhækkun eða stjórna fjölskyldumeðlimi eða nánnum vini eða fara í ástarsamband við starfsmann þar sem tilkynningarsamband er til staðar. Allir sem verða varir við slíka hagsmunaárekstra skulu upplýsa yfirmann sinn eða yfirlögfræðing fyrirtækisins um slíkt eða tilkynna um það í gegnum beinu siðgæðislínuna í síma +1 **877-666-6968**.

**Starfsmenn Teledyne skulu tafarlaust tilkynna yfirmönnum sínum um aðstæður sem geta falið í sér hagsmunaárekstra. Yfirmenn Teledyne bera ábyrgð á því að leita leiðsagnar hjá siðaverði á viðkomandi starfsstöð, yfirregluverði fyrirtækisins eða yfirlögfræðingi. Enginn starfsmaður má starfa sem framkvæmdastjóri fyrirtækis, sem er birgi fyrir eða viðskiptavinur fyrirtækisins eða sækjast eftir persónulegum ávinningi um viðskiptatækifæri sem fyrirtækið gæti einnig haft áhuga á, nema starfsmaðurinn hafi fengið samþykki fyrir slíku frá yfirlögfræðingi fyrirtækisins.**

**Það er ávallt viðeigandi fyrir starfsmann að leita leiðsagna í hvaða aðstæðum sem er, þar sem hann eða hún væntir að gjafir, máltíðir eða afþreying sé í boði viðskiptavinar, birgja eða annars samstarfsaðila, eða í aðstæðum þar sem gjöf hefur þegar verið afhent starfsmanni.**

**Til þess að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra bannar fyrirtækið starfsmönnum Teledyne að taka persónulega við verðmætum gjöfum eða þjófnefni frá birgja eða viðskiptavini fyrirtækisins sem gæti haft áhrif á ákvörðun í þágu viðkomandi birgja eða viðskiptavinar. Dæmi um það eru til dæmis peningar eða ígildi þeirra, máltíðir, drykkir, gisting, afþreying, samgöngur, starfstilboð, lán eða önnur verðmæti sem kunna að hafa áhrif á háttsemi eða ákvörðunartöku starfsmannsins.**

### ■ **Samfélagsmiðlar**

Við notkun samfélagsmiðlanna skulu starfsmenn Teledyne vera sanngjarnir og kurteisir við alla starfsmenn og hluthafa Teledyne.

Þó að fyrirtækið virði rétt starfsmanna til þess að nota samfélagsmiðlana, varða óviðeigandi

birtingar, sem geta falið í sér fordómafullar athugasemdir, áreitni, hótanir um ofbeldi eða önnur ólögleg háttsemi, við viðurlög til og með brottrekstri. Starfsmenn ættu að hafa í huga að þeir eru líklegri til þess að leysa úr vinnutengdum kvörtunum með því að meðhöndla þær beint í stað þess að birta þær á samfélagsmiðli.

Starfsmenn skulu aldrei birta upplýsingar, sem þeir vita að eru rangar, um Teledyne, aðra samstarfsmenn, viðskiptavini, birgja, samkeppnisaðila eða aðra hagsmunaaðila fyrirtækisins, hvort sem slíkt er gert í gegnum eignir og á tíma fyrirtækisins eða ekki.

**AÐSTÆÐUR:** Martha, starfsmaður Teledyne, er yfirmanni sínum reið fyrir að gefa henni ekki aukafrí svo hún geti heimsótt kærastann sinn sem býr í öðru ríki. Martha ákveður að hefna sín með því að birta á blogginu sínu að yfirmaður hennar stóð að sviksamlegu athæfni ásamt öðrum lykilstarfsmönnum Teledyne, jafnvel þó að Martha viti að þessar ásakanir séu rangar. Martha stærir sig við Bob, samstarfsmann hennar hjá Teledyne, af röngu ásökunum í garð yfirmannsins á blogginu.

**SVAR:** Bob ætti að segja yfirmanni sínum, framkvæmastjóra starfsstöðvarinnar eða siðaverði frá háttsemi Mörthu.

## ■ Svör við fyrirspurnum

Einungis starfsmenn, sem fengið hafa sérstaka heimild frá fyrirtækinu, mega eiga í samskiptum fyrir hönd fyrirtækisins varðandi fyrirspurnir utan við venjuleg samskipti við viðskiptavini, birgja og samstarfsaðila.

Það er mjög mikilvægt að miðlun upplýsinga fyrir hönd fyrirtækisins sé rétt og að heimild hafi fengist fyrir slíku hjá stjórnendum fyrirtækisins. Af þeim ástæðum hefur fyrirtækið veitt ákveðnum starfsmönnum heimild til þess að tala fyrir hönd fyrirtækisins, þegar haft er samband við þá, um önnur mál en venjuleg samskipti við viðskiptavini, birgja og samstarfsaðila. Allir starfsmenn Teledyne sem samband er haft við, ættu að sleppa því að veita upplýsingar nema að þeim hafi sérstaklega verið veitt heimild til þess. Að neðan má finna sérstök dæmi um hvernig meðhöndla ætti ákveðnar fyrirspurnir:

- Fyrirspurnir frá verðbréfgreininum ætti að vísa á framkvæmdastjóra Teledyne fyrir stefnumótun og sameiningar & yfirtökur
- Fyrirspurnir frá fjölmiðlum ætti að vísa til framkvæmdastjóra fyrirtækisins fyrir stjórnsýslumál eða fjölmiðlafulltrúa viðeigandi Teledyne starfsstöðvar, ef hann er til staðar
- Fyrirspurnir frá embættismönnum sem óska eftir upplýsingum, sem ekki varða gildandi samning eða viðskiptasamband, ætti að vísa á yfirregluvörðinn eða yfirlögfræðinginn. Stefna Teledyne er að aðstoða að fullu við viðeigandi upplýsingabeðni stjórnsýslustofnana, en samræma þarf slík svör.

**AÐSTÆÐUR:** Maria er yfirmaður viðskiptaþróunar í Teledyne fyrirtæki. Fréttamaður á staðnum hefur samband við hana um orðróm um að fyrirtækið hafi í hyggju að auka starfsemi sína og aðstoðu á svæðinu svo um munar.

**SVAR:** Maria ætti að vísa fréttamanninum á fjölmiðlafulltrúa starfsstöðvarinnar eða framkvæmdastjóra Teledyne á sviði skrifstofumála.

## ■ Stjórn mála- og góðgerðarstarf

Starfsmenn Teledyne skulu ekki taka þátt í stjórn málastarfi fyrir hönd fyrirtækisins fyrr en þeir hafa fengið leyfi fyrir slíku frá yfirregluverði fyrirtækisins.

Stjórn málastarf, þar á meðal framlög til stjórn málaflokka, fellur undir fjölmörg lög sem eru mjög mismunandi á milli landa og ríkja og að hvaða stjórnsýslustigi þau beinast. Slík háttsemi kann að hafa í för með sér ákveðnar skráningar- eða upplýsingakröfur eða vera ólögleg. Af þeim ástæðum má enginn starfsmaður Teledyne nota sjóði fyrirtækisins, úrræði, aðstöðu eða þjónustu í stjórn málaalegum tilgangi eða taka þátt í stjórn málastarfi fyrir hönd fyrirtækisins án fyrri samþykkis yfirregluvarðar fyrirtækisins.

Framlög til góðgerðarmála úr sjóðum fyrirtækisins má einungis veita í samræmi við stefnu Teledyne.

## ■ Samþykki og heimildir

Starfsmenn Teledyne skulu fylgja öllum stefnum og ferlum fyrirtækisins sem tengjast samþykki og heimildarveitingu fyrir starfsemi.

Fyrirtækið hefur margvíslegar stefnur og ferla varðandi hver getur heimilað og samþykkt ákveðin viðskipti, þar á meðal, en takmarkast ekki við, kaup, samningsgerð, leigu, starfsmannahald og annað á sviði rekstrarins. Þessir heimildar- og samþykktarferlar eru mjög mikilvægir við að tryggja að við höfum eðlilegt eftirlit með þeim sem nota eignir fyrirtækisins. Starfsmönnum Teledyne ber skylda til að kynna sér og fylgja viðeigandi stefnum og ferlum. Enginn starfsmaður Teledyne skal samþykka viðskipti nema sami einstaklingur hafi heimild til slíks samkvæmt þessum stefnum og ferlum.

**Allir starfsmenn, sem halda að viðskipti fari fram án viðeigandi samþykkis eða heimildar frá fyrirtækinu, skulu hafa samband við einhvern af siðferðisfulltrúunum á blaðsíðu 2.**

## RÍKISFANG

Við munum stunda viðskiptin okkar með þeim hætti að það sé í samræmi við velferð þeirra samfélaga þar sem við vinna og þeirra sem kaupa og nota vörurnar okkar.

Starfsmenn Teledyne virða þau samfélög þar sem þeir vinna og viðskiptavinina sem við seljum vörur okkar til. Við leitumst við að leggja okkar af mörkunum til þessara samfélaga og að selja vörur af miklum gæðum til viðskiptavina okkar. Við leggjum líka áherslu á að fylgja umhverfis-, heilbrigðis- og öryggislöggjöf og förum fram á sömu stefnu hjá birgjum okkar.

## ■ Umhverfisábyrgð

Teledyne mun haga viðskiptum sínum í fullu samræmi við öll gildandi lög og

## reglur á sviði umhverfismála. Starfsmenn Teledyne þurfa einnig að fylgja leiðbeiningum fyrirtækisins um umhverfisstjórnun félagsins.

Teledyne mun halda og reka viðskipi sín á umhverfisvænan hátt. Stefna Teledyne felur í sér fulla fylgni við gildandi umhverfislög og -reglur, meðal annars, en takmarkast ekki við, að fá nauðsynleg umhverfisleyfi, skila inn áskildum umhverfisskýrslum, hafa fullnægjandi stjórn á útblæstri í andrúmsloft og farga kemískum efnum og úrgangi með fullnægjandi hætti. Starfsmönnum Teledyne ber einnig skylda til að fylgja leiðbeiningum fyrirtækisins um umhverfisstjórnun félagsins, en finna má afrit af þeim á innraneti Teledyne.

Enginn starfsmaður Teledyne skal vísitandi brjóta umhverfislög eða –reglur eða skipa öðrum að gera svo.

Teledyne viðurkenni mikilvægi umhverfis- og náttúruauðlinda og hvetur starfsmenn sína til þess að virða ábyrgð sína í samfélaginu þegar þeir nota og ráðgera að nota náttúruauðlindir. Starfsmenn Teledyne ættu að vera virkir í því að uppgötva og innleiða leiðir til þess að koma í veg fyrir skaða á umhverfinu okkar og náttúruauðlindum.

Til dæmis gætum við dregið úr neikvæðum áhrifum fyrirtækisins á umhverfið með mörgum hætti, meðal annars með því að:

- Endurvinna úrgangsefni
- Nota óskaðleg efni
- Lágmarka úrgangsmýndun
- Farga öllum úrgangi á öruggan og ábyrgan hátt
- Lágmarka áhrif starfsemi okkar á gæði andrúmslofts, vatns og lands.

Starfsmenn eru hvattir til þess að koma með tillögur um úrbætur á starfsvenjum fyrirtækisins þegar kemur að umhverfismálum.

**ADSTÆÐUR:** Maartje er þjónustustarfsmaður Teledyne fyrirtækis. Við reglulegt eftirlit á starfssvæðinu tekur hún eftir lekandi röri fyrir aftan stöðina. Lekinn er lítill en hægt er að sjá lítinn læk frá byggingunni og alveg að jaðri bílastæðisins. Vökvinn virðist vera vatn en hún veit ekki hvað þetta er eða hvaðan þetta kemur.

**SVAR:** Maartje ætti að tilkynna umhverfisverndarfulltrúanum á starfsstöðinni hennar strax um þetta. Jafnvel þó að um sé að ræða vatn kann að þurfa að líta til umhverfislöggjafar og -reglna og grípa til úrbóta.

**Allir starfsmenn Teledyne sem taka eftir umhverfisaðstæðum sem virðast fara gegn lögum eða reglum ættu að tilkynna strax um það til umhverfisverndarstjórans á viðkomandi starfsstöð eða yfirlögfræðings fyrirtækisins. Skjót viðbrögð geta gert Teledyne kleift að grípa til aðgerða til þess að koma í veg fyrir eða takmarka skaða gegn umhverfinu, eignum og einstaklingum. Auk þess áskilja ákveðin lög og reglur tafarlausu tilkynningu á umhverfisaðstæðum og misbrestur á að tilkynna tímanlega um slíkt getur leitt til viðurlaga og sekta.**

### ■ Vörugæði og öryggi

Starfsmenn Teledyne, sem hafa með framleiðslu á vörum eða veitingu þjónustu að gera, skulu tryggja að viðeigandi gæða- og framleiðslustefnu og –ferlum sé fylgt.

Hið góða orðspor Teledyne og gildi fyrirtækisins byggja á hágæða vörum og þjónustu. Við verðum stöðugt að leitast við að viðhalda þeim staðli og skila ánægðum viðskiptavinum í samræmi við grunngildi okkar.

Öllum starfsmönnum Teledyne, sem hafa með framleiðslu á vörum eða veitingu þjónustu að gera, ber skylda til að tryggja að viðeigandi gæða- og framleiðslustefnu og –ferlum sé fylgt. Starfsmenn eru hvattir til þess að koma með tillögur að leiðum til þess að bæta framleiðsluferla fyrirtækisins til þess að auka gæði á framleiðsluvörunum okkar.

***Allir Teledyne starfsmenn sem halda að vara eða þjónusta uppfylli ekki viðeigandi gæðastaðla skal tilkynna yfirmanni sínum um það eða einhverjum af siðferðisfulltrúunum á blaðsíðu tvö. Auk þess skulu allir Teledyne starfsmenn sem verða varir við hugsanleg öryggis- eða þjónustuvandamál vöru, tilkynna yfirlögfræðingnum tafarlaust um slíkt. Skjótvirkar tilkynningar á slíku áhyggjuefni getur gert fyrirtækinu kleift að grípa hratt til aðgerða til úrbóta og senda út nauðsynlegar tilkynningar til þess að tryggja öryggi þeirra sem nota vörur okkar og þjónustu.***

## ■ Hegðun birgja

Teledyne leitast einungis eftir að kaupa þjónustu og vörur frá fyrirtækjum sem stunda viðskipti sín með lagalegum og siðferðilegum hætti.

Teledyne er staðráðið í því að kaupa vörur og þjónustu frá fyrirtækjum sem haga viðskiptum sínum á lagalegan og siðferðilegan hátt. Væntingar Teledyne til birgja birtast í siðareglum fyrirtækisins fyrir þjónustuaðila. Teledyne mun grípa til viðeigandi aðgerða varðandi birgja sem uppfylla ekki þá staðla sem tilgreindir eru í siðareglunum. Allir starfsmenn Teledyn sem verða varir við að birgi uppfylli ekki viðkomandi staðla skulu tilkynna um slíkt til yfirmanns síns, yfirregluvarðar fyrirtækisins, yfirlögfræðingsins eða í gegnum beinu siðferðislínuna í síma +1 **877-666-6968**.

## ■ Hugverkavernd

Starfsmenn Teledyne skulu virða hugverkaréttindi annarra og fylgja viðeigandi lögum og reglum.

Teledyne virðir hugverkaréttindi annarra. Starfsmönnum Teledyne ber skylda til þess að fylgja gildandi lögum og reglum sem tengjast einkaleyfum, höfundarrétti, vörumerkjum og viðskiptaleyndarmálum. Starfsmenn Teledyne skulu neita að samþykkja óviðeigandi aðgang að trúnaðar- eða einkaleyfisvörðum upplýsingum annars fyrirtækis, þar á meðal keppinauta okkar.

**ADSTÆÐUR:** Paulo er þróunarstjóri hjá Teledyne fyrirtæki. Fyrirtækið er að velta fyrir sér að ráða Gerard sem sjálfstæðan sölufulltrúa. Gerard segir Paulo að hann hafi einu sinni unnið fyrir helsta samkeppnisaðila fyrirtækisins. Gerard segir að hann yrði frábær sölufulltrúi fyrir Teledyne vegna þess

að hann búi yfir teikningu að óbirtri vöru samkeppnisaðilans sem þeir ætla að setja á markaðinn fljótlega.

**SVAR:** Ekki ætti að ráða Gerard sem sölufulltrúa. Teledyne hefur ekki áhuga á óviðeigandi aðgangi að trúnaðarupplýsingum samkeppnisaðila sinna. Paulo ætti að hafa samband við yfirlögfræðing fyrirtækisins og fá nánari leiðsögn.



Ég hef fengið í hendur, lesið og skilið Alþjóðlegar reglur Teledyne Technologies Incorporated um siðferðilega viðskiptahætti og staðfesti að ég mun fylgja reglunum.

---

Nafn

---

Nafn fyrirtækis

---

Undirskrift

---

Dagsetning

Vinsamlegast undirritið og skilið þessu eyðublaði til tengiliðsins innan fyrirtækisins sem lét þig fá reglurnar.



---

*Við munum haga viðskiptum okkar í samræmi við gildandi lög og reglur og besta mælikvarða um siðferði og heiðarleika.*

---

